

## Öryggisstefna

### Markmið og ábyrgð

Öryggisstefna Rafal tekur til alls starfsfólks og starfsemi fyrirtækisins. Forstjóri ber ábyrgð á gerð, viðhaldi og kynningu stefnuskjala Rafal og að viðhalda þeim og bæta öryggisstjórnkerfið í samræmi við ISO 45001.

Stefnt er að því að starfsemi fyrirtækisins sé slysalaus. Til að það megi verða þarf allt starfsfólk Rafal að leggja sig fram um að koma í veg fyrir slys, dauðsföll og veikindi og veita hvort öðru aðhald.

Rafal skuldbindur sig til að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir alla starfsmenn og aðila sem starfa á vegum fyrirtækisins. Stefnan er hluti af okkar heilsu- og öryggisstjórnkerfi og byggir á eftirfarandi meginreglum:

- Fyrirmyndarvinnustaður: Rafal leggur áherslu á að vera þekkt sem vinnustaður með gott vinnuumhverfi, þar sem áhersla er lögð á öryggi og velferð starfsmanna.
- Lög og reglur: Við uppfylfum öll gildandi lög, reglugerðir og aðrar skuldbindingar sem tengjast öryggi og heilsu.
- Þjálfun og fræðsla: Starfsfólk skal fá þjálfun og fræðslu með reglubundnum hætti í því skyni að auka öryggisvitund og þekkingu.
- Virk þátttaka: Hvetja skal starfsfólk til virkrar þátttöku en það er lykilatriði ef takast á að byggja upp slysalausan vinnustað.
- Starfsfólk: Hvetja skal starfsfólk til að koma hugmyndum sínum og ábendingum á framfæri um það sem betur má fara.
- Öryggisbúnaður: Skal vera til staðar og viðhaldið í samræmi við vandaða starfshætti fyrirtækisins.
- Áhættustjórnun: Við greinum hættur, metum áhættu og framkvæmum fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir slys, veikindi og dauðsföll.
- Þátttaka starfsmanna: Við tryggjum virkt samráð og þátttöku starfsmanna í öryggismálum, m.a. við áhættumat, ákvarðanir og umbætur.
- Eyða hættum og draga úr áhættu: Hættum skal útrýmt og og dregið úr áhættu eins og nokkur möguleiki er.
- Stöðugar umbætur: Við skuldbindum okkur til stöðugra umbóta á öryggis- og heilsustjórnunarkerfinu með markvissri endurskoðun og mælingum.

Mikilvægasta markmiðið er að allt starfsfólk Rafal fari heilt heim í lok vinnudags.